

Skýrsla stjórnar Vísindasjóðs FF og FS til Fulltrúafundar FF 2015

19. mars 2015.

Á Aðalfundi FF 2014 varð breyting á stjórn sjóðsins þegar nýir fulltrúar FF voru kjörnir. Stjórnarskipti fóru fram 10. apríl. Stjórnin er skipuð þremur fulltrúum, tveir eru frá FF og einn frá FS. Hvort félag hefur einn varamann. Í stjórninni eru núna Erla Elín Hansdóttir og Gísli Þór Sigurpórsson fyrir FF og varamaður þeirra er Linda Rós Michaelsdóttir. Fyrir FS er Elísabet Siemsen og er hún formaður. Varamaður hennar er Steinunn Inga Óttarsdóttir.

Stjórnin hefur fundað tólf sinnum frá síðasta aðalfundi auk þess sem hún hefur haft einn fund með fulltrúum stjórna FF og FS.

Fjárhagsleg markmið fyrir árið 2014 var að úthluta tekjum af iðgjöldum ársins. Heldur minna var veitt úr sjóðnum en sem nam tekjunum. Tekjur ársins voru rúmlega 151 milljónir króna. Tekjur vegna iðgjalda voru rúmlega 144,4 milljónir, þar af 2,16 milljónir sem eru óskilgreind iðgjöld frá KÍ. Vaxtatekjur voru tæplega 6,9 milljónir. Rúmlega 129,3 milljónum króna var veitt úr sjóðnum í styrki (tæplega 128 milljónum árið 2013). Heldur færri styrkir voru afgreiddir árið 2014 en árið á undan, eða rúmlega 1800 árið 2014 en tæplega 1900 árið 2013.

Verkfall í mars 2014 hafði að öllum líkindum letjandi áhrif á endurmenntun sjóðfélaga á árinu. Meðal annars hættu nokkrir skólar við áður áformaðar skólaheimsóknir. Verkfallið hafði sömuleiðis áhrif á tekjur sjóðsins. Skólaheimsóknir voru 10% af veittum styrkjum ársins 2014 á móti 18,2% árið 2013. Á móti varð aukning í flokki einstaklingsstyrkja. Hlutfall veittra styrkja í þeim flokki var 22,3% árið 2014 en var 15,3% árið 2013.

Úr A deild var veitt kr. 73,9 milljónum (57,2% af heildarúthlutun í krónum talið) á móti 71,1 milljón árið 2013 (55,7%).

Úthlutunarreglur sjóðsins eru óbreyttar milli ára. Þegar styrkupp hæðir voru ákvarðaðar fyrir árið 2015 var óvissa um hvort hækkar samkvæmt kjarasamningi frá apríl 2014 kæmu til framkvæmda á árinu 2015. Þar vó mest óvissan um hvort vinnumat yrði samþykkt. Þetta reyndist rétt ákvörðun í ljósi þess að vinnumatið var fellt og þar með kemur ekki inn 9,3% hækkun launa. Annað sem tekið var mið af var fyrirsjáanleg mikil aukning skólaheimsókna. Reiknað er með að sá styrkflokkur taki meira til sín í ár en áður. Einnig þarf sjóðurinn að taka tillit til þess að KÍ hefur krafist sjóðinn um 28 milljónir skv. gagnstefnu.

Rekstur sjóðsins hefur að mestu verið með óbreyttu sniði milli ára. Sjóðurinn er með aðstöðu að Bitruhálsi 2. Almennur rekstrarkostnaður skrifstofu sjóðsins var rúmlega 4,84 milljónir króna. Miðað við að sjóðurinn hefði verið í þjónustu KÍ sparast rúmar 3 milljónir, því KÍ hefði tekið 5% af tekjum sjóðsins auk vaxta, samtals um 8 milljónir króna. Með samnýtingu á aðstöðu væri hægt að ná kostnaði niður um rúmlega 600 þúsund í viðbót. Kostnaðarliðir eins og stjórnarlausn, endurskoðun og lögfræðikostnaður eru **ekki** innifaldir í þjónustugjaldi KÍ og því ekki teknir í þennan samanburð.

Stefna sjóðsins á hendur KÍ var þingfest 23. janúar 2014.¹ Stefnan var send til trúnaðarmanna með beiðni um áframsendingu á sjóðfélaga í byrjun árs 2014, sem og gagnstefna KÍ á hendur sjóðnum.

Við fyrstu fyrirtöku fól héraðsdómari aðilum að reyna að ná sáttum í málinu. Á fyrsta sáttafundi aðila þar sem bæði lögmenn og löggiltir endurskoðendur aðila voru mættir, var réttur sjóðsins til gagnanna viðurkenndur og lýsti lögmaður KÍ og endurskoðandi yfir fullum vilja til að afhenda öll gögn. Hluti gagnanna hefur verið afhentur en alls ekki allt. Þar sem ekki hafa öll gögn skilað sér hefur verið ákveðið að málið fari í aðalmeðferð.

Sjóðnum berast enn safngreiðslur frá KÍ án skýringa á því hvað er verið að greiða. Þegar félagsmenn sem hlut eiga að máli hyggjast nýta meint réttindi sín í sjóðnum, þurfa þeir enn að ganga eftir því að fá viðurkenningu á réttindum sínum, með tilheyrandi óþægindum.

Á síðasta fjórðungi ársins 2014 fór að bera á auknum villum í upplýsingagjöf til sjóðfélaga á „Mínum síðum“. Þannig var að sú upphæð sem sjóðfélagi hafði til ráðstöfunar og birtist í reit á „umsóknarblaðinu“ var mjög oft röng. Jafnframt var ekki hægt að skrá hærri upphæð til umsóknar en sem þessari röngu upphæð nam. Þegar þetta uppgötvaðist sendi sjóðstjórn tölvupóst til trúnaðarmanna vegna þessa og óskaði eftir að þeir létu sitt fólk vita af þessu. Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að láta laga rafræna umsóknarkerfið þannig að það falli að reglum sjóðsins.

Með vinsemd og virðingu,

Stjórn Vísindasjóðs FF og FS

Reykjavík, 19. mars 2015

¹ Aðdragandinn er rakinn í skýrslu stjórnar Vísindasjóðs FF og FS til Aðalfundar FF árið 2014.